



REGLUGERÐ UM STIGAMÓT UNGLINGA

1. kafli

1. gr.

GSÍ gengst árlega fyrir stigamótum í unglingsaflokkum. Mót þessi skulu vera Íslandsmót unglinga, Íslandsmót í holukeppni og fjögur önnur mót sem stjórn GSÍ ákvarðar.

2. gr.

Stjórn GSÍ skal auglýsa mótið og hafa yfirumsjón með framkvæmd þess. Hún skal skipa menn í mótsstjórn í samráði við viðkomandi klúbba a.m.k. einum mánuði fyrir mótið. Stjórn GSÍ skal skipa a.m.k. einn dómara á hvern keppnisvöll. Viðkomandi klúbbur skal leggja dómurum og mótsstjórn til golfbíla, talstöðvar eða önnur fjarskiptatæki og sjá um kostnað vegna mótsstjórnar og dómara. Skipaður dómari í flokkum 15 ára og eldri skal hafa landsdómararéttindi. Framkvæmd mótanna skal vera í samræmi við lágmarkskröfur í viðauka I.

3. gr.

Stjórn GSÍ ákveður þátttökugjöld og sér sá klúbbur sem heldur mótið á hverjum tíma um innheimtu. Þátttökugjald rennur alfarið til þess klúbbs er heldur mótið.

GSÍ á allan rétt gagnvart ljósvakamiðlun frá mótinu. Sá klúbbur sem heldur mótið á hverjum tíma skal útvega fjölmiðlum viðeigandi aðstöðu í klúbbhúsi. Stjórn GSÍ hefur rétt til að kynna samstarfsaðila sína á þeim keppnisvöllum sem mótið fer fram, í formi skilta, með fánum eða öðrum þeim hætti sem stjórn GSÍ ákveður. Þá skal merki GSÍ ávallt koma fram á öllu því efni sem útgefið er í sambandi við mótið og jafnframt vörumerki þeirra aðila sem eru samstarfsaðilar GSÍ að mótinu.

4. gr.

Þátttakendur skulu tilkynna um þátttöku til þess klúbbs sem mótið heldur a.m.k. 5 dögum fyrir fyrsta mótisdag. Mótsstjórn getur þó heimilað þátttöku, berist tilkynning síðar enda hafi hámarksfjöldi þátttakenda ekki verið náð.

5. gr.

Almennir keppnisreglur og almennar staðarreglur, sem stjórn GSÍ setur, skulu gilda í mótunum. Mótsstjórn getur þó auglýst viðbætur og frávik ef þörf krefur. Jafnframt skal hún hafa eftirlit með merkingum vallar og holustaðsetningum og getur ákveðið breytingar. Þá getur



mótsstjórn ákveðið að fresta eða fella niður umferð eða umferðir vegna veðurs. Staðarreglur og keppnis-skilmálar skulu vera fyrir hendi þegar á æfingadegi.

Öll notkun tóbaks, þ.m.t. munntóbaks, er bönnuð í klúbbhúsum og á keppnisvelli.

6. gr.

Þátttökugjöld skulu greidd við skráningu. Þátttökugjald fæst einungis endurgreitt séu forföll boðuð eigi síðar en kl. 18:00, þremur dögum fyrir fyrsta keppnisdag.

2. kafli

7. gr.

Hvert stigamót að Íslandsmóti og Íslandsmóti í holukeppni undanskildu skal vera allt að 54 holum. Skyld er að keppnisvöllur sé opinn til æfinga fyrir skráða keppendur í minnst einn dag fyrir mót. Stjórn GSÍ ákveður hvar og hvenær þessi mót eru haldin og felur viðkomandi klúbb framkvæmd mótsins.

8. gr.

Keppt skal í eftirtöldum flokkum. Aldur miðast við almanaksár.

Stúlknaflokkur	14 ára og yngri
Stúlknaflokkur	15-16 ára
Stúlknaflokkur	17-18 ára
Stúlknaflokkur	19-21 árs
Piltaflokkur	14 ára og yngri
Piltaflokkur	15-16 ára
Piltaflokkur	17-18 ára
Piltaflokkur	19-21 árs

Stjórn GSÍ er heimilt að skipuleggja úrtökumót til að velja kylfinga til þátttöku í stigamótin og er mótsstjórn jafnframt heimilt að takmarka rétt til þátttöku við forgjöf. Þá er mótsstjórn heimilt að setja hámarksfjölda keppenda í hverjum flokki. Ákvörðun um úrtökumót, hámarksforgjöf, hámarksfjölda og teiga skal kynnt í keppnis-skilmálum. Einnig er mótsstjórn heimilt að sameina flokka ef þátttakendur í flokki eru færri en 4.

Ekki er heimilt að hafa fleiri en þrjá í hverjum ráshóp.

9. gr.

Mótsstjórn ákveður rástíma og leikröð keppenda og skal hún kynnt ekki síðar en á fyrsta



æfingadegi.

Verði tveir eða fleiri keppendur jafnir í efsta sæti skal leikinn bráðabani. Ekki er leikið sérstaklega um önnur sæti. Þetta ákvæði á þó ekki við um Íslandsmót í golfi í unglingsflokkum, sbr. reglugerð um það mót.

10. gr.

Stig eru reiknuð eins og fram kemur í viðauka II.

Verði tveir eða fleiri keppendur jafnir skiptast þau stig sem til falla jafnt milli keppenda. Í þeim tilvikum þegar leikið er um einstök sæti skulu stig sem tilheyra því sæti fara óskert til þess keppanda sem hlýtur sætið.

11. gr.

Stigameistari stelpna, telpna, stúlkna, stráka, drengja og pílta eru þeir kylfingar sem flest stig hafa hlotið að stigamótum loknum. Ef fleiri en einn eru jafnir að stigum að stigamótum loknum teljast þeir báðir eða allir sigurvegarar.

12. gr.

Stigameistari golfklúbba í unglingsflokkum er sá golfklúbbur sem er efstur að sameiginlegum stigum þeirra kylfinga sem keppa í hverjum flokki fyrir hönd klúbbsins úr öllum stigamótum ársins. Stjórn GSÍ hefur heimild til að setja reglur um fyrirkomulag keppinnar, þ.m.t. hámarksfjölda keppenda sem eru taldir til stiga í hverjum flokki.

13. gr.

Að öðru leyti gilda Móta- og keppendareglur GSÍ.

14. gr.

Þannig samþykkt af stjórn GSÍ 14. maí 2019.



VIÐAUKI I

Kröfur um framkvæmd og umgjörð

Eftirfarandi lágmarkskröfur eru gerðar til mótsstjórnar um framkvæmd og umgjörð mótanna.

1. Fánar

Á mótstað skal flagga a.m.k. íslenska fánanum, fána klúbbsins þar sem mótið fer fram og fána GSÍ.

2. Ræsing

Fulltrúi mótsstjórnar skal sjá um ræsingu allra ráshópa.

3. Skil skorkorta

Afmarka skal sérstakt skilasvæði skorkorta (helst lokað herbergi). Þar skal fulltrúi mótsstjórnar taka á móti öllum leikmönnum að leik loknum og aðstoða þá við frágang skorkorta. Starfsmaðurinn skal m.a. bera skor leikmanna undir þá og tryggja að engu sé ábótavant í útfyllingu skors og undirritun skorkorta.



VIÐAUKI II
Stigatöflur

Sæti	Almenn stigamót		Íslandsmót í golfi	
	Hlutfall	Stig	Hlutfall	Stig
1	10.00%	1,500	10.00%	2,000
2	8.00%	1,200	8.00%	1,600
3	7.10%	1,065	7.10%	1,420
4	6.35%	952.5	6.35%	1,270
5	5.75%	862.5	5.75%	1,150
6	5.25%	787.5	5.25%	1,050
7	4.75%	712.5	4.75%	950
8	4.25%	637.5	4.25%	850
9	3.75%	562.5	3.75%	750
10	3.55%	532.5	3.55%	710
11	3.35%	502.5	3.35%	670
12	3.10%	465	3.10%	620
13	2.85%	427.5	2.85%	570
14	2.60%	390	2.60%	520
15	2.40%	360	2.40%	480
16	2.20%	330	2.20%	440
17	2.00%	300	2.00%	400
18	1.80%	270	1.80%	360
19	1.60%	240	1.60%	320
20	1.40%	210	1.40%	280
21	1.30%	195	1.30%	260
22	1.20%	180	1.20%	240
23	1.10%	165	1.10%	220
24	1.00%	150	1.00%	200
25	0.90%	135	0.90%	180
26	0.85%	128	0.85%	170
27	0.80%	120	0.80%	160
28	0.75%	113	0.75%	150
29	0.70%	105	0.70%	140
30	0.65%	98	0.65%	130
31	0.63%	94	0.63%	125
32	0.60%	90	0.60%	120



33	0.58%	86	0.58%	115
34	0.55%	82	0.55%	110
35	0.53%	79	0.53%	105
36	0.50%	75	0.50%	100
37	0.48%	71	0.48%	95
38	0.45%	67	0.45%	90
39	0.43%	64	0.43%	85
40	0.40%	60	0.40%	80
41	0.38%	56	0.38%	75
42	0.35%	52	0.35%	70
43	0.33%	49	0.33%	65
44	0.30%	45	0.30%	60
45	0.28%	41	0.28%	55
46	0.25%	37	0.25%	50
47	0.23%	34	0.23%	45
48	0.20%	30	0.20%	40
49	0.18%	26	0.18%	35
50	0.15%	22	0.15%	30
51	0.14%	21	0.14%	28
52	0.13%	20	0.13%	26
53	0.12%	18	0.12%	24
54	0.11%	17	0.11%	22
55	0.10%	15	0.10%	20
56	0.09%	14	0.09%	18
57	0.08%	12	0.08%	16
58	0.07%	10.5	0.07%	14
59	0.06%	9	0.06%	12
60	0.05%	7.5	0.05%	10

Stigatöflur

Sæti	Íslandsmót í holukeppni		Íslandsmót í golfi	
	Hlutfall	Stig	Hlutfall	Stig
1	10.00%	1,500	10.00%	2,000
2	8.00%	1,200	8.00%	1,600
3	7.10%	1,065	7.10%	1,420



4	6.35%	952.5	6.35%	1,270
5	5.75%	862.5	5.75%	1,150
6	5.25%	787.5	5.25%	1,050
7	4.75%	712.5	4.75%	950